AUSTURLAND SVÆÐI SAMVINNU OG SÓKNAR

Haustþing SSA, haldið á Breiðdalsvík 8.-9. september 2022, fagnar tilkomu Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044 en skipulagið markar sameiginlega framtíðarsýn Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps fyrir landshlutann. Með samstilltri stefnu sveitarfélaganna á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar er lagður mikilvægur hornsteinn að sjálfbærri þróun núverandi íbúum og komandi kynslóðum til hagsbóta.

Á grunni sterkrar svæðisbundinnar samvinnu er blásið til sóknar fyrir samfélagið á Austurlandi, samfélag fólksins sem hér býr, menningu þess og sögu, líf þess og störf. SSA beinir því til allra hagaðila að taka höndum saman um áframhaldandi uppbyggingu Austurlands, hvort sem það er á sviði innviða, atvinnu, menningar eða upplifunar. Þannig verður áfram gott að búa á og heimsækja Austurland og það eflist ennfrekar sem sterk grunnstoð í hagkerfi Íslands.

Haustþing SSA óskar eftir samvinnu við alla hagaðila á grunni Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.

Með samvinnu og sóknarhug eflum við saman Austurland, öllum til heilla.

AUSTURLAND

AUSTURLAND – GÓÐ HEIMKYNNI

- Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem komnar eru á samgönguáætlun og SSA hefur ályktað um undanfarin ár. Samgöngur eru hornsteinn samfélags og lykilstoð atvinnulífs í landshlutanum. Haustþingið beinir því til Vegagerðarinnar að fjölga verkefnum á hönnunarstigi á Austurlandi svo þau komist inn á samgönguáætlun, með áherslu á breikkun einbreiðra brúa og lagfæringu hættulegra vegkafla með öryggissjónarmið í huga. Þá er liggur fyrir greining Vegagerðarinnar vegna annarra jarðgangnakosta en þeirra sem eru á samgönguáætlun, sem mikilvægt er að unnið verði með áfram.

- Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að stjórnvöld forgangsraði uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar í takt við aukið mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir Keflavíkurflugvöll á eldsumbrotatímum á Reykjanesinu, sem og tækifæra til aukinna vöru- og farþegaflutninga um völlinn.

- Haustþing SSA vekur athygli á að innanlandsflug er íbúum Austurlandi lífsnauðsyn vegna fjarlægðar frá höfuðborg landsins. Friður um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar til framtíðar, áreiðanleiki flugáætlunar og nauðsynlegt sætaframboð, auk áframhaldandi þróunar Loftbrúar, eru atriði sem hlutaðeigandi aðilar þurfa að tryggja.

- Haustþing SSA beinir til stjórnvalda að flýta vinnu sem snýr að stefnumótun og þróun regluverks um virkjunarkosti vindorku á Íslandi. Mikilvægt er jafnframt að flutnings- og dreifikerfi raforku séu örugg og gæði orkuafhendingar mikil. Fagnar SSA þeim áföngum sem náðst hafa í uppbyggingu flutningskerfis raforku síðastliðin ár en hvetur jafnframt hlutaðeigandi aðila að halda áfram að efla það og styrkja.

- Haustþing SSA beinir því til sveitarfélaga og samfélagsins alls á Austurlandi að grípa til aðgerða í sínu nærumhverfi sem stuðla að kolefnishlutleysi, eflingu hringrásarhagkerfisins og góðrar almennrar umgengni við náttúru og menningu. Austurland er dreifbýlt fjölkjarnasamfélag þar sem hver og einn hefur sína sérstöðu og er mikilvægur hlekkur í sterkri keðju.

Á Austurlandi verða áfram góð heimkynni. Umhverfið verður heilnæmt, vistvænt og öruggt. Það verður áfram gott að búa á Austurlandi og eftirsóknarvert að sækja það heim.

Markmið okkar:

- Góðar samgöngur, sjálfbær orka og öflug fjarskipti.
- Viðnámsþróttur gagnvart hnattrænum loftslagsbreytingum.
- Heilbrigðum og staðbundnum vistkerfum viðhaldið.
- Virðing fyrir verðmætu náttúrufari og landslagi.

AUSTURLAND – SVÆÐI SÓKNARFÆRA

* Haustþing SSA fagnar þeim mikla krafti sem atvinnulíf á Austurlandi sýnir í þróun og nýsköpun á svæðinu. SSA beinir því til fyrirtækja að taka áfram vel á móti frumkvöðlum, sprotum og nýjum hugmyndum til eflingar Austurlands í heild. Samvinna stórra og smárra, opinberra og einkaaðila, stuðlar að nýsköpun og býr til fjölbreytt tækifæri sem eru undirstaða þess að Austurland sé svæði sóknarfæra. Mikilvægt er að innviðir í fyrirtækjum og stofnunum sem stuðla að þróun til að takast á við áskoranir framtíðarinnar eflist og samvinna þvert á atvinnugreinar og stoðumhverfi sé áfram leiðarljós í landshlutanum.

* Haustþing SSA brýnir matvælaframleiðendur í landshlutanum til frekari sóknar. Austurland er matvælahérað og framleiðendur á Austurlandi þurfa að huga að tækifærum til frekari vinnslu til manneldis. Þá hvetur haustþing SSA verslanir og veitingaaðila á Austurlandi til að auka framboð á matvöru sem framleidd er á svæðinu og byggja þannig undir frekari þróun á þessu sviði sem nýtist bæði heimamönnum og gestum Austurlands.

* Haustþing SSA beinir því til stjórnvalda og annarra hagaðila að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis svo það hamli ekki þróun atvinnulífs og fjölgun starfa á svæðinu. Þá ítrekar haustþing mikilvægi þess að stjórnvöld haldi áfram að efla starfsstöðvar á sínum vegum í landshlutanum sem og fjölga óstaðbundnum störfum og taki þannig þátt í fjölgun atvinnutækifæra á Austurlandi.

* Haustþing SSA vill enn og aftur vekja athygli stjórnvalda á nauðsyn þess að auka fjármögnun til Sóknaráætlunar Austurlands sem farveg fyrir beinan stuðning til nýsköpunarverkefna, svæðisbundinna sprota og frumkvöðla í gegnum Uppbyggingasjóð Austurlands. Þá kallar haustþingið eftir því að stjórnvöld skilgreini í hvaða sjóði sameiginlegar stoðeiningar og stofnanir í landshlutanum geti sótt til að fá fjármagn í þróunar- og klasaverkefni.

Austurland verður áfram svæði sóknarfæra þar sem blómlegt atvinnulíf nýtir auðlindir landshlutans á sjálfbæran hátt. Nýsköpun, þekking og rannsóknir verða grundvöllur atvinnuþróunar.

Markmið okkar:

* Skýrar lykiláherslur um atvinnuþróun.
* Aukin verðmætasköpun í matvælaframleiðslu.
* Öflug skógrækt í þágu umhverfis, atvinnulífs og afþreyingar.
* Sjálfbær, ábyrg og öflug ferðaþjónusta árið um kring.

AUSTURLAND – STERKT SAMFÉLAG

- Haustþing SSA beinir því til ríkisvaldsins að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga halda áfram að vaxa, sem og kröfur sem gerðar eru til þeirra í fjölmörgum málaflokkum. Sveitarfélögin þurfa að njóta hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, og skatttekjum af orkuframleiðslu, svo eitthvað sé nefnt. Þá er milkivægt að einfalda allt regluverk í samskiptum ríkis og sveitarfélaga svo fjármunir nýtist frekar til að þjónusta íbúa og atvinnulíf í landshlutanum. Í þessu skyni hafa sveitarfélög á Austurlandi farið á undan með góðu fordæmi með sameiningum sveitarfélaga og stoðstofnana. Mikilvægt er að stjórnsýslan á vettvangi ríkisins starfi í takt við nýja tíma og endurhanni sína samskiptaferla í samvinnu við landshlutann.

- Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum með áherslu á stöðugleika í mönnun, þróun aðbúnaðar og uppbyggingu þekkingar svo þessi þáttur í búsetuskilyrðum styrkist. Þá er mikilvægt að efla enn frekar þverfaglegt samstarf með það að markmiði að auka líkamlega, andlega og félagslega vellíðan íbúa á Austurlandi.

- Haustþing SSA vill hvetja allar menntastofnanir í landshlutanum til aukinnar samvinnu og fjölga verkefnum sem stuðla að skapandi hugsun, forvitni og vilja til nýsköpunar á öllum skólastigum. Þá er mikilvægt að styðja við þróun samfélags nemenda á landshlutavísu, auka aðgengi að námi á háskólastigi og að í kennslu og rannsóknum verði unnið með efnivið og gögn um umhverfi, atvinnulíf, samfélag og menningu Austurlands.

- Haustþing SSA vill hvetja íbúa, fyrirtæki og félagasamtök til að sækjast eftir þátttöku fólks af erlendum uppruna í landshlutanum í hverskyns stefnumótun og þróun verkefna. Austurland er fjölmennningarsamfélag og sem slíkt þurfa allir að hafa jafnt aðgengi og rödd í samfélagsumræðunni. Þá hvetur SSA stjórnvöld til að standa betur að verkefnum sem auðvelda nýjum íbúum að læra á nýjar heimaslóðir, skapa tækifæri fyrir samskipti og farveg fyrir nýjar hugmyndir sem nýtast Austurlandi.

Á Austurlandi verður áfram samheldið og fjölbreytt samfélag fólks sem hefur tækifæri til að nýta og þróa þekkingu sína, býr við örugga heilbrigðisþjónustu og heilsueflandi umhverfi.

Markmið okkar:

- Samfélög þar sem allir geta notið sín.
- Þekking, skapandi hugsun og nýsköpun einkennir öll svið samfélagsins.
- Gott aðgengi að grunnþjónustu og tækifærum til heilsueflingar.

AUSTURLAND – ÆVINTÝRI LÍKAST

* Haustþing SSA hvetur stjórnvöld til áframhaldandi uppbyggingar Austurlands sem heilsársáfangastaðar fyrir ferðamenn. Í því felst áframhaldandi uppbygging Egilsstaðaflugvallar sem gátt fyrir ferðamenn beint til Austurlands sem og aukin stuðningur við uppbyggingu segla svæðisins og markaðssetningu. Þá skorar haustþingið á stjórnvöld að auka samvinnu ólíkra innviðastofnana til að takast á við uppbyggingu ferðamannastaða og ferðaleiða sem opnar eiga að vera allt árið um kring.

* Haustþing SSA beinir því til allra sem standa að uppbyggingu ferðamannastaða að huga að vandaðri hönnun og frágangi sem styður við sögu og menningu Austurlands. Þá hvetur SSA alla framkvæmdaaðila að taka tillit til stefnumörkunar sem birtist í áfangastaðaáætlun svæðisins og að taka þátt í svæðisbundinni samvinnu sem styður við upplifun gesta og heimamanna. Aukin fjárfesting í innviðum ferðaþjónustu er hagsmunamál greinarinnar í heild og nauðsynlegt að sem flestir komi að þeirri fjárfestingu.

* Haustþing SSA beinir því til þjóðmenningarstofnana að auka samvinnu við menningarstofnanir á Austurlandi. Stuðla þarf að auknum tækifærum þeirra sem leiða menningarstofnanir í landshlutanum til að þróa áfram svæðisbundin verkefni byggð á menningu og sögu svæðisins. Jafnframt er nauðsynlegt að hvetja til nýtingar menningararfsins til atvinnusköpunar sem styður við upplifun gesta og heimamanna.

* Haustþing SSA fagnar fjölbreyttu íþrótta- og menningarlífi á Austurlandi og hvetur félagasamtök og einstaklinga áfram til góðra verka. Gott framboð af menningar- og íþróttaviðburðum í landshlutanum er mikilvægt til að ýta undir staðaranda og samheldni. Haustþingið hvetur íbúa landshlutans til þátttöku í því sem boðið er upp á og aðstandendur viðburða til að huga að tækifærum til aukinnar samvinnu innan Austurlands, bæði í markaðssetningu og skipulagi, svo flestum íbúum gefist tækifæri á að taka þátt í öflugu íþrótta- og menningarlífi svæðisins.

Austurland verður áfram ævintýri líkast. Blómlegt menningarlíf og góðar aðstæður til listsköpunar og íþrótta. Margskonar útivistarmöguleikar gera landshlutann að spennandi stað til að búa á, starfa í og heimsækja.

Markmið okkar:

* Gestir eru velkomnir og geta skyggnst inn í og verið þátttakendur í daglegu lífi íbúa.
* Framúrskarandi aðstæður til að njóta menningar og iðka fjölbreytta listastarfsemi.
* Austurland verður kjörið til útivistar og aðstæður til íþróttaiðkunar til fyrirmyndar.